

Pegar vígamóðurinn er runninn af, koma eftirþankarnir. Í endurskini þess umliðna bregður skuggum þess yfirstandanda enn virkilegar yfir dalinn. Þá verða fleiri feiknstafrir í landi, en áður voru þar, fegurðarljóminn daprari, og unaðarraddir heimahaganna breytast í bergmál frá framliðinna haugum. Skuldagarnir eru komnir. Þeir nefndu þá nornadóma til torna.

Þá er rifjað upp aftur hið umliðna. Atvikin taka á sig persónugervi. Saga ógæfunnar er sögð í líkingum og dæmisögum. Söknuðurinn er vafinn í lánleysishjúp atreksmannsins, en blindnin og ástríðurnar, hylling flærðar og glisfágunar, er öllum óheillum olli, er falin í mannúðarleysi og launvígum nfðingsins.

Margar slíkar smásögur finnast í sögum vor Íslendinga að fornu.

Sumar þessar sögur eru sameiginlegar með oss og þeim hinnum öðrum þjóðum, er af sama bergi eru brotnar og vér. Enda er það ekkert ósennilegt, að margt hið sama hafi á daga þeirra drifis og vora, því margt er líkt með skyldum. Þær hafa háð hið sama stríð og vér, og það löngu á undan oss. Þær hafa hins sama að minnast, frá hinu sama að segja og hins sama að sakna.

Merkilegust allra slíkra sagna er saga Heimis úr Hlymdöllum. Þá sögu eiga allar hinar germönsku þjóðir, þótt hún sé fyrst færð í letur hjá oss. Hún segir svo átakanlega en þó svo fáort frá endalokunum, er hin norðlæga menning og hin suðræna síðfágun áttust við. Og í þessum fáu orðum kveður við undirtónn, er segir þúsundfalt meira en nokkur orð fá lýst—deyjandi strengjahljóð horfnnar gleði, sem er óðum að fjarlægjast út í geiminn.

Sem ungmenni, er „veita . . . at margr verðr af öðrum api“, komu hinar norðlenzku þjóðir fram úr mörkinni og horfðu ofan yfir hin blómlegu Suðurlönd, heillaður af töfrablæ þeim og allsnægtum inunaðar og sælu, er þar virtist rískja yfir öllu. Byrjar þá stríðið milli hinna norrænu mannkosta og hinnar suðrænu síðfágunar—stríðið, er endar með eyðileggingu hvorstveggja.

Rínareldurinn er sóttur og fluttur heim, en bein hinna eldri kynslóða eftirskilin hvítna ofanjarðar í geislum suðrænnar sólar sunnan hinna himingnæfandi Mundíu-fjalla. En með gullinu, sem heim er flutt, koma nýir síðir.